



25. Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands

haldið 10. maí 2016

Ársskýrsla stjórnar og starfsnefnda



Staða heilbrigðiskerfisins á Íslandi er graf alvarleg. Ár eftir ár hafa fulltrúar Sjúkraliðafélags Íslands varað við því hvert stefni, en illa hefur gengið að ná eyrum stjórnvalda eða Embættis landlæknis. Umræðan um stöðuna hefur verið mjög takmörkuð, en hefur aðeins opnast þegar verkföll heilbrigðisstétta hafa verið og þá sérstaklega þegar læknar fóru í verkfall. Því hefur verið borið við að ekki megi hræða fólk að óþörfu, en eins og allir vita þá eru biðlistarnir eftir aðgerðum orðnir gríðarlega langir og biðin löng.

Sífelld fjölgar reynslusögum fólks vegna lélegrar þjónustu innan heilbrigðiskerfisins og/eða jafnvel frásögnum af stórslysum sem orðið hafa vegna þess álags sem er á starfsfólki kerfisins. Öll starfsemi heilbrigðisþjónustunnar á landinu er undirmönnuð, tæki biluð eða úrelt og starfsfólk aðframskiði eins og um stríðshráð land væri að ræða. Nú er svo komið að hið áður öfluga heilbrigðiskerfi er hrúnið og áratugi mun taka að byggja það upp aftur.

Á hliðarlínunni hafa beðið einstaklingar hliðhollir frjálshyggjunnar í von um að eyðilegging hins samrekna heilbrigðiskerfis flýti fyrir að einkavæðingin gangi í garð með öllum sínum kostnaði fyrir sjúklinga og þjóðfélagið, en hugsanlega skjótfenginn gróða fyrir þá sem geta skammtað sér af kökunni.

Fulltrúar Landsspítala komu að máli við Sjúkraliðafélagið á vordögum 2014 og lýstu yfir miklum áhyggjum vegna þeirrar

alvarlegu stöðu sem uppi er varðandi vöntun á sjúkraliðum. Lögð voru fram gögn er sýndu fjölda sjúkraliða og aldurssamsetningu á Landspítala. Óskað var eftir samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands um að sameinast í verkefni sem hafi það að markmiði að fjölga sjúkraliðum og skoða hvort ekki sé hægt að styðja ófaglærða starfsmenn sem eru í störfum inni á LSH, til þess að fara í sjúkraliðanám. Fulltrúum LSH var gerð grein fyrir því að félagið styddi fjölgun sjúkraliða, en bent var á nauðsyn þess að starfsumhverfi sjúkraliða þyrfti að bæta víða á spítalanum. Ekkert hefur verið gert að hálfu spítalans á því ári sem liðið er frá því óskað var eftir þessu samstarfi.

Baráttan gegn einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar þarf að vera í fullum gangi. Hugmyndirnar um arðsemissjónarmið og forgang hinna efnameiri voru einungis settar til hliðar á meðan hrun frjálshyggjunnar var sem mest í umræðunni, en nú er enn farið að ræða einkavæðingu, m.a. í yfirlýsingar núverandi ríkisstjórnar að loknu verkfalli lækna, þ.s. fram kom að auka ætti fjölbreytni í rekstri heilbrigðisstofnanna.

Heilbrigðisráðherra Kristján Þór Júlíusson segist fá sting í hjartað við það að lesa um hve bággt ástandið er víða á hjúkunarheimilum landsins, en það liggur fyrir að mönnunin er fyrir neðan öll viðmiðunarmörk. Maðurinn með hjartastinginn leggur einungis til að byggð verði fleiri hjúkunarheimili, en svarar því ekki hvernig það eigi að bæta núverandi mönnun.

Skrifstofa félagsins

Starfsmenn félagsins eru:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri

Lilja Laxdal, skrifstofumaður

Sigríður Ríkhardsdóttir, skrifstofumaður

Sigurlaug Hrafnkelsdóttir, skrifstofumaður á kjarasviði

Á árinu hætti Hanna Hilmarsdóttir, bókari störfum hjá félaginu. Henni eru þökkuð góð störf í þágu félagsins. Í framhaldi var ákveðið að útvista bókastarfi frá skrifstofunni. Endurskoðunarskrifstofa Tryggva Geirssonar bókastarfi fyrir félagið.

Nýr starfsmaður Sigurlaug Hrafnkelsdóttir var ráðin til starfa 1. september 2015 og mun hún gegna starfi á kjarasviði auk allra annarra almennra skrifstofustarfa. Ferill Sigurlaugar var kynntur í 3. tbl Sjúkraliðans 2015.

Á skrifstofunni starfar einvala lið sem gerir sitt besta til að koma til móts við þarfir félagsmanna í smáu og stóru.



Framkvæmdastjóri SLFÍ að störfum

Starfsmenn skrifstofunnar hafa verið undir miklu álagi, sem endurspeglast af ástandinu í þjóðfélaginu, vinnuumhverfi sjúkraliða og ekki síður vegna þeirrar gífurlegu orku sem fer í gerð kjarasamninga og verkfallsátök. Einnig hefur hið alvarlega ástand í heilbrigðiskerfinu margfaldað þau mál sem félagið þarf að sinna.

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands

Í framkvæmdastjórn sitja :

Kristín Á. Guðmundsdóttirformaður
Kristín Ólafsdóttirvaraformaður
Jóhanna Traustadóttirritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttirgjaldkeri

Varamenn

Jakobína Rut Daníelsdóttirvaragjaldkeri
Ólöf Jóna Friðriksdóttir vararitari.

Í félagsstjórn SLFÍ árið 2014 sátu ásamt framkvæmdastjórn formenn allra landshlutadeildanna,

Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir Vesturlandsdeild
Bergdís Sveinsdóttir Vestfjarðadeild
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir Norðurlandsdeild eystri
Stefanía Stefánsdóttir Austfjarðadeild

Helga Sigríður Sveinsdóttir Suðurlandsdeild,
Viktoría Magnúsdóttir Suðurnesjadeild.
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Vestmannaeyjadeild

Félagsstjórn fundar að öllu jöfnu ársfjórðungslega.



Kjarasamningar undirritaðir við Ríkið eftir mikil átök

Skýrsla kjaramálanefndar



Samningar náðust á árinu

Kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands urðu lausir við alla við-semjendur í lok apríl 2015. Nokkrum mánuðum fyrr hóf félagið undirbúning að gerð nýrra kjarasamninga.

Snemma árs 2015 fundaði Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélagsins með fulltrúum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að ósk SLFÍ. Fundurinn hafði það markmið að kanna hvort áhugi væri fyrir að þessar tvær fagstéttir gætu unnið saman að gerð næstu kjarasamninga. Í ljós kom að ekki var áhugi fyrir slíku samstarfi hjá FÍH. Sjúkraliðafélag Íslands taldi engu að síður nauðsynlegt að styrkja stöðu sína í samningaviðræðunum og undirrituðu því í mars 2015 samkomulag við SFR stéttarfélag í almannaþjónustu og Landssamband lögglumanna um samstarf í kjaraviðræðunum/kjarabaráttunni, sem gekk undir nafninu "Þríeykið". Þessi þrjú félög, hafa mikið af vaktavinnufólki innan sinna vébanda. Sett var í gang sameiginleg viðræðunefnd, en að baki hennar stóðu samninganefndir félaganna. Í kjölfarið undirrituðu félögin sameiginlega viðræðuáætlun við ríkið 19. mars 2015 og hófu síðan skipulagða fundi með samninganefnd ríkisins.

Eitt af því sem ákveðið var á samningafundi Þríeykisins með ríkinu, var að setja á fót vinnuhóp til að skoða samsetningu launa. Þar var ætlunin að skoða launaröðunina á sjúkraliðum og samspil þátta eins og vaktaálags, yfirvinnuálags, kaffitíma og fleiri atriða sem sýna hvernig verið er að nýta kjarasamninginn í reynd. Annar vinnuhópur fór í að ræða um vaktavinnuáflann.

Á sjötta fundi sem haldinn var rétt fyrir miðjan maí 2015 lagði samninganefnd ríkisins fyrir viðræðunefnd Þríeykisins plagg um þá stefnu sem ríkið vildi fara í þessum samningum. Ljóst var að ef sú stefna sem þar var kynnt væri höfð að leiðarljósi, þá myndu opinbera starfsmenn og þá sérstaklega vaktavinnufólk fórna

áunnum réttindum til að borga fyrir hækkun dagvinnulauna. Því var að sjálfsgöðu hafnað af fulltrúum félaganna.

Meginmarkmið kröfugerðar

Lagt var upp með nokkur sameiginleg meginmarkmið allra félaganna.

Þessi markmið voru:

- að hækka laun,
- að stytta vinnuvikuna,
- að tekin verði upp ný launatafla,
- að útrýma kynbundnum launamun,
- að endurskoða vaktavinnuáflann,
- að tekin verði upp launaþróunartrygging,
- að laun verði leiðrétt á milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almenna markaðinum,
- að samið verði um framlag til sérstakrar leiðréttingar eða til endurnýjunar stofnanasamninga, og að unnið verði með hverju félagi fyrir sig að sérkröfum þess.

Hvert félag var með sex til sjö sérkröfur uppi. Sérkröfur Sjúkraliðafélagsins byggðu á þeirri miklu vinnu sem fram fór innan félagsins við mótun kröfugerðar sjúkraliða og á stefnu félagsins og BSRB."

BSRB skrifaði undir svokallaðan SALEK samning, sem fól í sér m.a. að koma á ákveðinni launaþróunartryggingu á milli opinberra og almenna markaðarins.

Til að skýra hvað felist í þeirri kröfu má benda á að horft er til norrænnar fyrirmyndar sem gerir ráð fyrir að opinberir starfsmenn séu með sambærileg laun við það sem gerist á almenna vinnumarkaðinum. Á almennum vinnumarkaði er samið um ákveðin kjör í kjarasamningi en síðan er markaðurinn sjálfur að hækka launin. Í launaþróunartryggingu felst að skoðað verði reglulega hvað breytist á almenna markaðinum og að opinberir starfsmenn fái sams konar launabreytingar. Inni í hinu svokallaða SALEK samkomulagi var einnig gert ráð fyrir að starfsævi opinberra starfsmanna yrði lengd um allavega tvö ár og þ.m. yrði skerðing á lífeyrisréttindum þeirra. Máli er enn í vinnslu og ekki er séð fyrir endan á því.

Vaktir og vinnutímabankar

Mánuðina á undan viðræðunum hafði Sjúkraliðafélagið unnið að framgangi ýmissa hagsmunamála sem samkomulag varð um í síðustu kjarasamningum 2014, að kryfja til mergjar, þar á meðal málefni vaktavinnufólks.

Óánægja hefur verið með framkvæmdir varðandi stuttar vaktir

og hvernig farið er með sjúkraliða á stofnunum við niðurröðun á vöktum. BSRB náði því fram í síðustu kjarasamningum að þetta vandamál yrði skoðað sérstaklega. Í framhaldinu sendi Fjármálaráðuneytið út bréf til stofnananna þar sem þess var farið á leit að draga úr notkun stuttra vakta, þar sem þær ættu frekar að vera undantekning en regla. Þetta hafði ekki tilætluð áhrif og í kjölfar bréfsins fjölgaði frekar stuttum vöktunum.

Hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum hafði verið tekið öðruvísi á málinu. Þar var ákveðið að gera könnun á vandamálinu. Nefnd var skipuð um málið en í þeirri nefnd áttu sæti fyrir hönd BSRB þær Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar. Veruleg vinna var lögð í að setja saman könnun sem til stóð að senda út. Síðan dróst það af hálfu atvinnurekenda að senda könnunina frá sér til stofnananna, sem SLFÍ telur mikla handvömm af þeirra hálfu, en BSRB gekk eftir því að könnunin færi út sem fyrst.

Vinnutímabankar hafa einnig verið mikið til umræðu, en þeir eru notaðir í vaxandi mæli án þess að nokkru sinni hafi verið um það samið við stéttarfélagin. Verið er að innleiða alls konar vaktakerfi sem erfitt er að setja sig inn í. Þess er krafist að einstaklingurinn sé tölvulæs og geti gert þetta sjálfur. Af þessu tilefni var samið um það af hálfu BSRB í síðustu samningum að unnið skyldi að gerð námskrár fyrir sérstakt nám til að kenna bæði starfsfólki og stjórnendum að setja upp vaktaskrá sem stangaðist ekki á við kjarasamninga og réttindi starfsmanna. Fyrir hönd BSRB sat Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands í vinnunefnd sem tók að sér þetta verkefni og var hún formaður verkefnahópsins, en þar áttu líka sæti fulltrúar Alþýðusambandsins, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Starfsmenntar, fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og Samtaka atvinnulífsins. Niðurstaðan var sú að rétt væri að hafa námið í þremur lotum. Fyrst væri fjallað um lýðheilsu og vaktir, næst um umgjörð kjarasamninga og loks um vaktafyrirkomulag og vinnumenningu. Undirhópar sérfræðinga fóru nánar ofan í hvern þessara þriggja þátta fyrir sig og í kjölfarið var gengið frá námskránni. Starfsmennt er þegar farið að bjóða upp á 30 klukkustunda nám og er fyrsti nema hópurinn byrjaður. Ekki hefur enn verið gengið frá því hver eigi að bera kostnaðinn af námskeiðunum. Brynt er að stjórnendur fari einnig á þessi námskeið og þyrftu helst að vera skyldaðir.

Kjaradeilur og verkföll gegn ríkinu

Félagið stóð í viðræðum um nýjan kjarasamning allt frá því áður en samningarnir urðu lausir í lok apríl 2015 enda stefna félagsins að standa þannig að málum að samningar taki við af samningum.

Fljótlega kom í ljós að samninganefnd ríkisins var ekki tilbúin að ræða um launalið nýs samnings áður en kjarasamningar hefðu tekist á almenna vinnumarkaðinum. Við það þyrfti SLFÍ að una, en benti á að margt annað en launalið þyrfti að ræða, bæði í sameiginlegri kröfugerð félaganna þriggja og sérkröfum SLFÍ. Í kjölfarið voru haldnir nokkrir fundir þar sem farið var yfir sameiginleg og sérmál félaganna. Viðræðurnar skiluðu ekki neinum árangri, enda engin raunverulegur vilji hjá viðsemjendum. Á meðan beðið var eftir raunhæfum viðræðum fóru félög innan BHM í verkföll og síðan Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, en ríkisvaldið stöðvaði þessi verkföll með lögum og skipaði gerðardóm til að úrskurða um kjör þessara stétta. Ríkisvaldið gerði tilraun til þess að þrengja mjög möguleika gerðardómsins til að taka tillit til annarra samninga, sem þegar höfðu verið gerðir af hálfu ríkisins og á almenna markaðinum, en svo fór að gerðardómurinn tók mið af fyrri samningum ríkisins í niðurstöðu sinni.

Viðræður að nýju

Gert var samkomulag við félagin fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins um að hlé yrði gert á viðræðum yfir hásumarið, en jafnframt að nýir samningar myndu gilda afturvirkir frá þeim tíma er gömlu samningarnir voru lausir ef samkomulag um nýja samninga næðist fyrir lok september. Þegar viðræður hófust loksins á ný þá liggur niðurstaða gerðardóms fyrir. Það var augljóst áður en gerðardómurinn féll að samninganefnd ríkisins ætlaði sér að beita gerðardóminum gegn félögunum, en þegar niðurstaða lá fyrir og var á allt annan veg en ríkisvaldið hafði gert ráð fyrir, þá hafnaði samninganefndin því alfarið að taka mið af úrskurðinum.

Úrskurður gerðardóms var mjög vel rökstuddur og niðurstaðan mun jákvæðari en fulltrúar félaganna höfðu þorað að vona. Félagin töldu sjálfsagt að tekið yrði mið af úrskurðinum og lögðu því í lok ágúst fram drög að launalið nýrra samninga þessara þriggja félaga og stilltu nýjum launatöflum félaganna inn í ramma gerðardómsins, en þar var um að ræða tæplega 30% launahækkun á fjórum árum. Kröfugerð félagsins var að laun SLFÍ yrðu leiðrétt til samræmis við útkomu gerðardóms gagnvart hjúkrunarfræðingum. Samninganefnd ríkisins tók við tillögum félagsins og hafnaði þeim algjörlega á fundi 1. september. Ríkissáttasemjari óskaði eftir nýjum viðræðufundi nokkrum dögum síðar til að kanna hvort viðhorf hefðu breyst. Sá fundur var haldinn 9. september og þar var hljóðið í samninganefnd ríkisins óbreytt og þeim þá gerð grein fyrir því að Sjúkraliðafélagið væri að kanna vilja sjúkraliða til verkfallsaðgerða til að knýja á um samningsgerðina.“

Baklandið klárt til átaka

Gerð var sérstök könnun meðal félagsmanna, um vilja þeirra til verkfallsaðgerða áður en farið var út í atkvæðagreiðslur um verkfallsboðanir. Um 60% félagsmanna tóku þátt í könnuninni og hátt í 90% lýstu sig tilbúna að standa að baki samninganefnd félagsins ef hún teldi nauðsynlegt að grípa til verkfallsaðgerða. Það var því alveg ljóst að baklandið var sterkt og ákveðið.

Haldnir voru sérstakir fundir með sjúkraliðum á Landspítalanum við Hringbraut, Landspítalanum í Fossvogi, Húsavík, Akureyri og Akranesi og svo í tveimur rútum með samtals 100 sjúkraliða um borð, en þeir voru á leið í Kerlingafjallaferð. Þá var boðað til sameiginlegs fundar með SFR og lögreglunni í Háskólabíói 15. september. Einnig var mætt á aðra fundi eftir því sem trúnaðarmenn sjúkraliða óskuðu eftir.

Kjaradeilan endaði með verkfalli, sem hófst í október 2015 og skilaði nýjum kjarasamningi við ríkisvaldið. Sjúkraliðar tóku mikinn og virkan þátt í baráttunni sem vakti verulegar umræður í fjölmiðlum.

Sjúkraliðar töldu sig nauðbeygða til að fara í verkfall þar sem kjaradeila þeirra og ríkisins var í algjörum hnút.

Atkvæðagreiðsla um verkfall náði til nær 1100 félagsmanna. Miðað var að verkfallsaðgerðirnar hæfust 15. október. Um tímabundin verkföll varð að ræða en allsherjarverkföll átti síðan að skella á 16. nóvember, ef ekki yrði búið að semja fyrir þann tíma.

Verkfallsboðanir SFR - stéttarfélags í almannabágu og Sjúkraliðafélags Íslands voru samþykktar með miklum meirihluta á atkvæðagreiðslum félagsmanna. 85 prósent þeirra félaga SFR sem tóku þátt, greiddu atkvæði með verkfallsboðun. Hjá sjúkraliðum var verkfallsboðun samþykkt með 91 prósentu atkvæða.

Kjarasamningar á milli ríkisins og SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna voru undirritaðir á fimmta tímanum þann 28. október og verkföllum því aflýst. Næsta skref var að kynna nýjan samning fyrir stéttarfélagunum sem stóðu að samningunum en þeir gilda út mars 2019.

Samningarnir eru sambærilegir við niðurstöður gerðadóms varðandi hjúkrunarfræðinga og þá samninga sem ríkið hefur gert við aðra ríkisstarfsmenn.

Kjarasamningar við aðra viðsemjendur

Kjaramálanefnd hélt ótrauð áfram við að ná samningum við aðra viðsemjendur. Krafan var á sömu nótum og samið hafði verið um við ríkið.

Kjarasamningur við Reykjavíkurborg var síðan undirritaður þann 16. desember, eftir fjölda funda.

Í þeim kjarasamningi var samþykkt að fara í starfsmat og var þó nokkur undirbúnings vinna vegna þess. Samningar tókust án aðkomu ríkissáttasemjara.

Kjarasamningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu tók mun meiri tíma og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Samningur var síðan undirritaður 8. janúar 2016.

Kjarasamningur við fjölda minni stofnana var undirritaður jafnt og þétt eftir að samningur við ríkið náðist í október.

Viðræðum um kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga var vísað til ríkissáttasemjara eftir áramót 2015/16. Uppúr samningaviðræðum slitnaði á 9. fundi undir stjórn ríkissáttasemjara og var í framhaldi farið í að afla heimildar til verkfallsboðunar. Verkfall var síðan boðað frá og með 4. apríl sl.

Þann 1. apríl 2016 hófst 12. fundur undir stjórn ríkissáttasemjara sem stóð með hléum fram til fjögur aðfaranótt 2. apríl, en þá var kjarasamningur við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritaður og fyrirhuguðu verkfalli aflýst.

Skýrsla ritnefndar

Ritnefnd er skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns, og er kosin á fulltrúapingi til þriggja ára.

Ritnefnd skipa: Bára Hjaltadóttir, María Busk, Þórhildur Una Stefnánsdóttir. Varamaður er Kolbrún Matthíasdóttir. Starfsmaður ritnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson. Blaðamaður Elías Snæland Jónsson. Ábyrgðarmaður blaðsins er formaður félagsins Kristín Á Guðmundsdóttir.

Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir mál gagni félagsins, „Sjúkraliðanum“ ásamt ritstjóra blaðsins.

Frá síðasta fulltrúapingi hafa verið gefin út fjögur tölublað Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða fyrir komandi orlofstímabil.

Blaðið er mjög vandað að allri gerð og prýtt fjölda ljósmynda. Ritnefnd hefur kappkostað að hafa blaðið sem fjölbreytilegast í efnisvali.

Blaðið er gefið út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnanna, ráðherra, alþingismanna, fjölbrautaskólanna og annarra sem hafa áhuga á málefnum sjúkraliða og félagið telur nauðsynlegt að halda upplýstum um málefni félagsins og félagsmanna.

Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna ritgerðir sjúkraliða og annað efni eftir sjúkraliða sem ritnefnd finnst eiga erindi í blaðið. Kynntar hafa verið stofnanir og störf sjúkraliða sem sýnir hvað störf sjúkraliða eru fjölbreytileg. Einnig

eru í blaðinu greinar um kjaramál, lífeyrismál og annað efni sem er í brennidepli.

Blaðið er einnig gefið út rafrænt og er hægt að nálgast það á heimasíðu SLFÍ.

Fram hefur komið í könnunum að blaðið er mjög mikið lesið af félagsmönnum og þykir mjög góð kynning á sjúkraliðastörfum og þeim starfsaðstæðum sem sjúkraliðar eru í við dagleg störf sín.

Ritnefnd vill þakka sjúkraliðum fyrir góðar og ánægjulegar móttökur inni á stofnunum og þakka félagsmönnum fyrir góðar viðtökur á blaðinu og öllum sem hafa komið að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Skýrsla orlofsnefndar



Orlofsnefnd SLFÍ

Orlofsnefnd skipa:

Úlfheiður Ingvarsdóttir, Halldóra Lydía Þórðardótti, Helga María Arnardóttir. Varamaður er Thelma Baldursdóttir. Starfsmaður orlofsnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ.

Stjórn orlofsnefnda er óbreytt frá síðasta ári. Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir er formaður orlofsstjórnar.

Stjórn Orlofssjóðs Sjúkraliðafélags Íslands hélt sjö stjórnarfundum á síðasta starfsári. Stjórnin fylgdist vel með þörfum og væntingum félagsmanna varðandi orlofsmál til að geta brugðist við þeim kröfum sem uppi eru hverju sinni. Áherslur síðustu ára hafa verið á endurnýjun og viðhald orlofseigna félagsins og eru allir bústaðir félagsins í mjög góðu ásigkomulagi.

Rekstur orlofssjóðs gekk vel á síðasta ári og lagt var í íbúðakaup í Reykjavík þ.s. það var talin mesta þrófin á viðbótum. Ríkið samdi um viðbótargreiðslur í orlofssjóð og hefur það haft góð áhrif á efnahag sjóðsins og einnig var samið við alla launagreiðendur um að auka greiðslur í orlofssjóð.

Orlofsnefnd félagsins leggur áfram metnað sinn í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu. Til þess hefur hún leitast við að taka upp einhverja nýbreytni hverju sinni og haldið áfram með þá kosti sem hafa gefist vel árin á undan. Helstu nýjungar sumarsins 2015 voru tvær gönguferðir á Spáni ein gönguferð innanlands með farastjóra. Orlofssjóður keypti nýja 60 fm. íbúð í Safmýri, sem byrjað var að leigja út í nóvember 2015 eftir töluverðar endurbætur.

Stjórn Orlofsnefndar mun áfram leggja aðaláherslu á fjölbreytta afþreyingu og ferðir innanlands, en bjóða jafnframt upp á aukna möguleika á gistingu erlendis með íbúðum á Spáni og í Danmörku, Flórída, innan lands og fjölbreytt úrval að hót- elgistingum.

Umgengni og frágangur félagsmanna við orlofshús er yfirleitt til fyrirmyndar, en það kemur fyrir að til félagsins berast kvartanir um slæman frágang og kemur þá oftast en ekki í ljós að sjúkraliðar eru að lána tengdum aðilum húsin og er frágangi þá ábótavant. Stjórn orlofsnefndar leggur ríka áherslu á að félagsmenn virði eigin félagsins/sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig er mögulegt að losna við að ráða umsjónarmenn með orlofseignum félagsins. Ákvörðun sem hefði í för með sér verulega hækkun leigugjalda.

Öll orlofshús félagsins verða töluvert endurnýjuð, hús máluð inni sem utan og fleira.

Síðastliðið vor var dyttað að öllu því sem orðið var lúíð og þreytt fyrir sumarútleigutíma. Rólur voru lagaðar, hús og pallar málaðir, flikkað var upp á vindskeiðar, rennur og handriði á verandir og borið var ofan í aðkeyrslu. Í Munaðarnesi hefur pallurinn/veröndin verið endurnýjuð og stækkuð mjög mikið.

Umsóknir og úthlutun orlofskosta til félagsmanna voru áfram unnar rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni. Þeir sem ekki höfðu aðgang að tölvu gátu sótt um með aðstoð frá skrifstofu félagsins. Rafræni kosturinn á að gera félagsmönnum mögulegt að sækja um og greiða leigugjöldin strax með millifærslu af Visa korti. Félagið hefur verið með samning við tölvuþjónustufyrirtækið AP media sem sér um og hannar orlofssíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutanakerfi félagsins. Reynslan af því samstarfi er mjög góð og eykur skilvirknina í úthlutun eigna og orlofskosta.

Skýrsla Laganefndar

Í laganefnd sitja: Sigríður Konráðsdóttir, Guðrún Elín Björnsdóttir og Svava Bjarnadóttir. Varamaður er Elísabet Pétursdóttir

Laganefnd fékk til sín tvö erindi frá stjórn félagsins. Tillögu að breytingu á lögum félagsins vegna kjarasamningsákvæðis um að Starfsmenntasjóður BSRB verði lagður niður og félagið tæki við sjóðnum fyrir hönd sinna félagsmanna. Einnig var lögð fram tillaga að því að sjúkraliðar starfandi á Höfn í Hornafirði tilheyri Suðurlandsdeild félagsins í stað Austurlandsdeildar.

Laganefndin vann að tillögunum að lagabreytingu sem lögð verður fyrir þingið í fjarvinnu, síma og tölvupóstum. Laganefndin gerði ekki athugasemdir við að Höfn færðist undan Austurlandsdeild yfir í Suðurlandsdeild og leggur fram tillögur þar að lútandi.

Starfsárið hefur verið rólegt. Haldinn hefur verið einn fundur. Eitt erindi barst nefndinni þar sem lagt er til að breyta reglum sérdeildar.

Laganefndin fór yfir tillögurnar 26. mars sl. og samþykkti nefndin að tillagan yrði lögð óbreytt fyrir 24. fulltrúaþing SLFÍ. Laganefnd hefur hér með lokið störfum fyrir þetta starfsár.

Skýrsla kjörstjórnar

Kjörstjórn skipa:

Ólöf Jóna Friðriksdóttir, formaður.

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir.

Ólafía Ingvarsdóttir.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir

Sólveig Hildur Halldórsdóttir.

Varamenn :

Hulda Birna Frímansdóttir.

Silja Dögg Sævarsdóttir.

Þórunn Kristín M. Arnardóttir.

Helstu verkefni kjörstjórnar á starfsárinu:

Kjörstjórn hélt fund í haust, þar sem nefndin skipti með sér verkum. Nefndin hefur síðan verið í tölvupóstsambandi. Inn á borð nefndarinnar hafa komið nokkur verkefni á starfsárinu.

29.september 2015 kom nefndin saman til að fara yfir kjörbréf og kærur inn á kjörskrá vegna kosninga um boðun verkfalls

sjúkraliða sem starfa hjá hinu opinbera. Gekk sú vinna vel og skrifaði kjörstjórn undir samþykkt um boðun verkfalls. Á kjörskrá voru 1106. Þátttaka var 69,8% eða 772 og sögðu 90,9% já, 5,7% nei og 3,4% voru óákveðin.

10.nóvember 2015 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýjan kjarasamning við fjármálaráðuneytið. Á kjörskrá voru 1106. Þátttaka var 59,9% eða 666 og sögðu 96,25% já, 3,3% nei og 0,45% voru óákveðin.

7.janúar 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýgerðan kjarasamning við Reykjavíkurborg. Á kjörskrá voru 127. Þátttaka var 44,1% eða 56 og sögðu 78,57% já, 12,50% nei og 8,93% voru óákveðin.

21.janúar 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýgerðan kjarasamning við (SFV) Samtök fyrirtækja í velferðasþjónustu. Á kjörskrá voru 423. Þátttaka var 54,61% eða 231 og sögðu 93,5% já, 5,6% nei og 0,9% voru óákveðin.

14.mars 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls hjá sjúkraliðum sem starfa hjá sveitafélögum. Á kjörskrá voru 312 og kusu 180. Já sögðu 97,22%, nei sögðu 1,67% og 1,11% voru óákveðin.

Apríl 2016 kom nefndin saman til að fara yfir kjörbréf fyrir fulltrúaþing SLFÍ 10.mai 2016.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð kom saman 14. október á síðasta ári.

Á fundinum var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins við viðsemjendur.

Undirbúningur fyrir þing BSRB sem haldið var dagana 28.-30. október. Farið yfir fjölda þingfulltrúa félagsins. Upplýsingar voru veittar um hvar hægt væri að nálgast þinggögn og farið yfir helstu málefni þingsins.

Undirbúningur að 50 ára afmæli félagsins og hugmyndir ræddar varðandi afmælisárið. Meðal annars voru ræddar hugmyndir að því að félagið legði áherslu á hvatningu til ungmenna að fara í sjúkraliðanám og lagðar fram tillögur um að auglýst yrði í kvikmyndahúsum svo hægt væri að nálgast ungmenni, ná sambandi við námsráðgjafa og skrifa greinar í blöð og tímarit. Gefa út nýtt og endurunnið sjúkraliðatal og sögu félagsins. Lagt var til að skipaður yrði vinnuhópur sem leggi línurnar og héldi utanum verkefnið.



Starfsmenntasjóður/ Starfsþróunarsjóður

Fram til þessa hefur Sjúkraliðafélagið verið aðili að Starfsmenntasjóði BSRB. Úthlutanir úr sjóðnum hafa farið fram á skrifstofu félagsins og sjóðnum síðan sendur reikningur.

Úthlutanir úr starfsmenntasjóði og Starfsþróunarsjóði hafa farið fram jöfnum höndum eftir inneign félagsmanna.

Í síðustu kjarasamningum var samið um að sjóðurinn færðist alfarið yfir til félagsins og liggur nú fyrir Fulltrúapinginunni að samþykkja lagabreytingar þar sem tekið er á því, á hvern hátt lög félagsins taka utanum sjóðinn. Einnig þarf þingið að samþykkja sérstaka skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

Aðrir sjóðir

Styrktarsjóður BSRB

Sjóðurinn er grundvallaður á samkomulagi BSRB, BHM og Kí annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftar sveitarfélaga hins vegar frá 24. október 2000.

Sjóðurinn var stofnaður með reglugerð 6. desember 2001 en hóf reglulega starfsemi í febrúar 2002. Innheimta iðgjalda hófst frá og með 1. janúar 2001. Tekjur sjóðsins árið 2010 voru 0,75% af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem undir sjóðinn heyra. Aðildarfélag að styrktarsjóðnum eru öll félög BSRB nema SFR, Landsamband lögreglumanna og Póstmannafélag Íslands.

Stjórn sjóðsins er kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Hana skipa fimm fulltrúar þeirra félaga sem að sjóðnum standa. Varanmenn eru tveir.

Styrktarsjóði BSRB er ætlað að greiða bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilvikum eftir að veikindarétti lýkur hjá vinnuveitanda. Sjóðurinn styrktir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og forvarnir gegn sjúkdómum. Stöðugildi við sjóðinn eru þrjú.

Starfsendurhæfingarsjóðurinn Virk

NÆRRI 14 MILLJARÐA ÁVINNINGUR AF STARFSEMI VIRK 2015- 3,8 milljarða króna ávinningur var af starfsemi VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs árið 2015 samkvæmt skýrslu sem Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur hjá Talnakönnun vann fyrir stjórn VIRK. Niðurstöður fyrri athugana Talnakönnunar sýndu að ávinningur af starfi VIRK var 11,2 milljarðar króna 2014 og 9,7

þar sem úthlutað hefur verið úr báðum sjóðunum jöfnum höndum verða birtar sameiginlegar upplýsingar um úthlutanir úr sjóðunum og fjöldi þeirra styrkja til félagsmanna, sem úthlutað hefur verið á árinu 2015.

Starfsþróunarsjóður úthlutaði samtals 23.576.110 krónum og úr Starfsmenntasjóði var úthlutað 49.013.483 Fjöldi úthlutanna voru 1.883

Minningarsjóður

Ekkert hefur verið úthlutað úr sjóðnum þar sem hann hefur aldrei náð þeim styrkleika að það sé hægt.



Stjórn Styrktarsjóðs BSRB

milljarðar á árinu 2013. Í þessu samhengi má benda á að rekstrarkostnaður VIRK árið 2015 var 2,2 milljarðar, 2 milljarðar 2014 og 1,3 milljarðar á árinu 2013.

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs:

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu

Nánar:

- VIRK skipuleggur, fjármagnar og hefur umsjón með störfum ráðgjafa, sérfræðinga og þjónustuaðila sem koma að mótun

og framkvæmd einstaklingsmiðaðra áætlana í starfsendurhæfingu.

- VIRK metur raunhæfi starfsendurhæfingar og starfsgetu einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests.
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og starfsgetumats.
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK stuðlar að samstarfi mismunandi aðila sem koma að starfsendurhæfingu einstaklings.
- VIRK vinnur með fagaðilum, fyrirtækjum og stofnunum að því skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði.

Um VIRK - Starfsendurhæfingarsjóð gilda lög um atvinnutengda

starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða 60/2012.

Framtíðarsýn VIRK til 2020:


- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði.
- Samræmt starfsgetumat er grunnur að ákvarðanatöku varðandi vinnugetu einstaklinga.
- Almennigur, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld eru vel upplýst um ávinning af starfsemi VIRK.
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Heildarfjöldi þeirra sem sóttu til Virk á síðasta starfsári voru 9.370 og af þeim voru 195 sjúkraliðar.


Flestir sóttu endurhæfingu vegna stoðkerfisvandamála

Fjöldi einstaklinga m. v. 29. Mars 2016	VIRK	Sjúkral.
Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK	9.370	195
Fjöldi í reglulegum viðtölum eða eftirfylgd	1.929	20
Fjöldi sem hefur lokið þjónustu (útskrifast)	5.390	139
Fjöldi sem hefur hætt þjónustu	2.411	36


Framfærsla við lok þjónustu



Mat einstaklinga á ástæðum fjarvista



Aldursdreifing



Mikil og metnaðarfull vinna hefur verið lögð af mörkum til félagsstarfsins hjá félagsdeildum SLFÍ. Hér verður einungis settar inn aðal áherslur sem fram komu í skýrslum deildanna. Félagslaðið Sjúkraliðinn gerir skýrslunum einnig skil auk þess að skýrslurnar liggja frammi í heild sinni inni á heimasíðu félagsins undir DEILDIR.

Útdráttur úr skýrslu Reykjavíkurdeildar

Stjórn Reykjavíkurdeildar hefur fundað að jafnaði einu sinni í mánuði á þessu starfsári. Farið var í mikla vinnu ásamt kjörstjórn Reykjavíkurdeildar við að fá trúnaðarmenn til að koma kjörbréfum sínum í lag fyrir verkfall SLFÍ, SFR og LL. Hér fyrir neðan verður greint frá þeim viðburðum sem áttu sér á þessu tímabili.

Árlegur Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember var að þessu sinni haldinn með tveimur viðburðum sem slegið var saman með litlujólahátíð. Boðið var upp á upplestur, söng og píanótónlist.

Gönguferðir deildarinnar hófust aftur í desember.

Fulltrúar deildarinnar voru viðstaddir útskriftir sjúkraliða frá Fjölbautaskólanum í Ármúla og Fjölbautaskólanum í Breiðholti, með afhendingu blóma og Sjúkraliðalykilsins ásamt heillaóskum frá félaginu.

Opið hús var í húsakynnum SLFÍ þar sem viðburðadagatal fyrir starfsárið var lagt fram.

Þann 6. febrúar var haldið þorablót í nýju félagsaðstöðu SLFÍ. Mjög góð mæting var á blótið og allir skemmtu sér konunglega. Boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði að ógleymdu hinu stórglæsilega happaðrætti. Maturinn kom frá Múlakaffi og stóð undir væntingum.

Þann 16. febrúar átti að fara í fyrstu göngu ársins en vegna veðurs var henni frestað um nokkra daga, gengið um Öskjuhlíðina undir leiðsögn Ragnhildar Eddu Eyjólfsdóttur. Fáir mættu í þessa göngu vegna breyttrar dagsetningar og leiðinlegs veðurs dagana á undan.

Á 1. maí baráttudegi verkalýðsins var gengið með fána félagsins í kröfugöngu verkalýðsins niður á Ingólfstorg þar sem útifundurinn fór fram. Góð þátttaka var í göngunni og voru sjúkraliðar nokkuð áberandi í hvítu sjúkraliðapeysunum í göngunni. Fánaberi í ár var Ingibjörg Jóhannsdóttir.

Fulltrúaping SLFÍ var haldið 14. maí og átti Reykjavíkurdeildin þar 12 fulltrúa.

Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild, Reykjavíkurdeild og Vesturlandsdeild buðu til haustferðar í Kerlingarfjöll. Í ferðina mættu um 100 sjúkraliðar og var stemmingin einstaklega góð í hópnum þrátt fyrir óspennandi veður. Ferðin hófst með mætingu á BSÍ kl. 8.00 þar sem Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ komu og héldu kjaramála- og samstöðufund í rútnum þar sem þarna voru um 100 sjúkraliðar á leið í dagsferð og gátu ekki farið á samstöðufundinn sem var seinna sama dag. Ferðin lá síðan á Selfoss þar sem sjúkraliðar úr Suðurlandsdeildinni slógust með í förina. Eftir að hafa stoppað aðeins við Gullfoss var haldið af stað inn á hálendið í átt að Kerlingarfjöllum.

Þann 3. október fór Jóhanna Traustadóttir formaður Reykjavíkurdeildar og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri á 40 ára afmælishátíð Fjölbautaskólans í Breiðholti og færðu sjúkraliðabratinni heillaóskir og blómvönd fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands.

Þann 12. október birtist ályktun Reykjavíkurdeildar á mbl.is þar sem stjórn deildarinnar lýsti yfir megnustu hneykslun á þeirri lítilsvirðingu sem sjúkraliðum er sýnd af fjármálaráðherra í kjarabaráttunni.

Þann 10. desember voru litlu jólin hjá Reykjavíkurdeild haldin hátíðleg og var boðið upp á upplestur úr jólabókum og góðar veitingar.

Að lokum þá vil ég þakka öllum þeim sjúkraliðum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum deildarinnar fyrir alla þá vinnu sem þeir hafa lagt á sig. Þakkar vil ég færa Eddu Þöll sem er núna að hætta í stjórn deildarinnar. Að endingu þakka ég fyrir mig og öllum þeim sjúkraliðum sem hafa verið duglegir að mæta á viðburði deildarinnar og vona ég að fleiri komi á næstu viðburði.

Útdráttur úr skýrslu Vesturlandsdeildar

Átta stjórnarfundir hafa verið haldnir á þessu starfsári og sat formaður þriggja daga BSRB þing í október og aðalfundur var í Munaðarnesi 4. nóv. 2015. Evrópudagur sjúkraliða var haldinn 26. nóvember. Sjúkraliðar á Vesturlandi mættu með veitingar handa vinnufélögum sínum. Þennan dag héldu sjúkraliðar í Borgarnesi jólafund heima hjá formanninum og þemað var jóla-peysur. Deildin var með jóla fundi á tveimur öðrum stöðum. Á Akranesi í mötuneyti HVE-Akranesi og svo var fundur haldinn í heimahúsi á Hvammstanga.

Verkfall sjúkraliða hjá ríkinu byrjaði með allsherjaverkfalli 15.-16. okt. og svo 19.-20. október. Samið var 28. október kl. 4:00. Þó nokkuð var að gera hjá formanni í tengslum við verkfallið að styðja verkfallsverði frá Akranesi, vestur allt nes og norður á Hólmavík og Hvammstanga. Hefði ég viljað meiri leiðbeiningar fyrir þann tíma. Til hvers var ætlast og hverju maður ætti von á.

Vesturlandsdeildin tók þátt í haustferð með Reykjavíkudeild, Suðurnesjadeild og Suðurlandsdeild. Farið var í Kerlingarfjöll og fóru 6 félagsmenn frá Vesturlandsdeild, það kostaði 10 þúsund fyrir manninn og greiddu félagarnir það sjálfir. Deildin styrkti hvern fulltrúa lítilsháttar í ferðina þar sem kostnaður varð aðeins meiri en reiknað var með. Það fóru 98 manns alls í þessa ferð. Aðalfundur Vesturlandsdeildar var haldinn miðvikudaginn



Vesturlandsdeild með aðalfund í Munaðarnesi

4. nóvember kl. 18 í Munaðarnesi og mættu þangað 57 félagsmenn. formaður og framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands kynntu fyrir okkur nýju ríkissamningana. Við fengum erindi og tónlistaratriði frá Guðríði Ringsted "Lífið og tilveran, húsmóðir, hjúkrunarfræðingur og Jógakennari og Gunnari Ringsted (gítarleikara). Yndisleg kvöldstund með þrírétta máltíð, getum sko mælt með nýjum rekstraraðilum í Munaðarnesi. Stjórnin var endurkjörin og situr í sömu embættum.

Útdráttur úr skýrslu Vestfjarðardeildar SLFÍ

Vestfjarðardeildin bauð uppá haustferð, sem ekki gekk upp vegna þáttökuleysis. Elín Hólm hætti sem gjaldkeri og Helga Rebekka Stígisdóttir tók við.

Evrópudagur sjúkraliða var 26. nóvember 2014. Sjúkraliðar á Ísafirði mættu í Neista og voru með í boði blóðþrýstingsmælingar og það var mjög góð aðsókn. Einnig voru sjúkraliðar í Bolungarvík með mælingar í Samkaupum.

Hinn árlegi jólafundur var haldin 17. desember 2014 á Hótel Ísafirði. Mjög góð mæting var á fundinn. Slegið var saman í peningagjöf sem farið var með í kirkjuna þar sem Sr. Magnús Erlingsson tók við gjöfinni. En gjöfin var ætluð fyrir félitlar fjölskyldur.

Sjúkraliðar með sérnám, buðu upp á fræðsludag 2. mars 2015. Ekki var góð mæting hjá sjúkraliðum. Einnig gekk illa að sjá og heyra í fjarfundarbúnaðinum vegna lélegs sambands. Farið var í kröfugöngu 1. maí með fána SLFÍ.

Formaður fór á tvo félagstjórnarfundum og eitt fulltrúaping.

23. maí útskrifuðust fimm sjúkraliðar frá Menntaskólanum á Ísafirði, þeim voru færðar kveðjur og blóm frá félaginu.

Vorfundur var haldin 26. maí 2015 á Hótel Ísafirði. Linda Björk Óskarsdóttir sagði af sér sem formaður og Bergdís Sveinsdóttir tók við sem formaður Vestfjarðadeildar.

Útdráttur úr skýrslu Norðurlandsdeildar vestri

Í skýrslu formannsins Guðrúnar Elínar Björnsdóttur kom meðal annars eftirfarandi fram:

26. nóvember 2014 var Evrópudagur sjúkraliða og í tilefni dagsins var boðið upp á tertu fyrir samstarfskonur.

Formaður sótti félagsstjórnarfundum Sjúkraliðafélags Íslands. Meðal annars sem rætt um undirbúningur og ályktanir fyrir 24. Fulltrúafing SLFÍ, ályktun vegna ástandsins í málefnum aldraða, komandi kjarasamningar og vinna við endurskoðun og samræmingu lífeyriskerfa landsmanna.

Þann 5. mars var haldinn félags- og skemmtifundur í Gott í gogginn á Sauðárkróki.

Í apríl var boðið upp á námskeið í öldrunarlyfjafræði, í gegnum fjarfundabúnað á vegum Farskólans á Sauðárkróki og var það vel sótt.

Í maí sótti formaður félagsstjórnarfund þar sem meðal annars var rætt um kjaramálin, og Fulltrúafing félagsins.

Í sama mánuði var boðið upp á námskeið um krabba-meinslyf og alnæmislyf í gegnum fjarfundabúnað á vegum Farskólans á Sauðárkróki og var það vel sótt. Formaður sótti námskeið á Akureyri sem heitir Kulnun í starfi sem var mjög fróðlegt.

Vinnustaðafundur var haldinn 19. maí á Sauðárkróki klukkan 17:00 en fyrr um daginn fóru trúnaðarmennirnir Guðrún Elín og Sigurlaug Dóra á Húsavík vegna vinnu við nýjan stofnanasamning og fengu þau drög að stofnanasamningi þar sem stofnanir voru sameinaðir og stefnt er á að gera einn stofnanasamning.

Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ sagði frá því hvernig staðan í viðræðum við ríkið væri, en engin fundur hefur verið boðaður, samningar okkar hafa verið lausir síðan 31 apríl 2014, og kynnti kröfugerð félagsins. Unnið er við samræmingu stofnanasamninga HSN.

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ fór yfir niðurstöðu Félagsdóms í máli SLFÍ og Akureyrabæjar en sá dómur var fullnaðarsigur sjúkraliða sem starfa á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð og á Hjúkrunarheimilinu Lögmanshlíð og falla undir starfsheitið „Sjúkraliði B.“ Einnig ræddi hann orlofsmál en það stendur til að fjárfesta í íbúð á Reykjavíkursvæðinu.

Í október var haldin Trúnaðarmannaráðsfundur sem formaður og varaformaður sóttu en þær eru einnig trúnaðarmenn hjá HSN á Sauðárkróki. Þar var rætt um verkfallsvörslu



Sjúkraliðar á Akureyri

og samninga við ríkið. Félagsstjórnarfundur félagsins var einnig í sama mánuði en þar var rætt um Sjúkraliðatalið og 50 ára afmæli SLFÍ sem verður 21. nóvember 2016 og eru deildarnar beðnar að koma með einhverjar hugmyndir um hvað væri hægt að hafa og gera í tilefni dagsins.

Í sama mánuði fóru Kristín og Gunnar á fund á Húsavík með stjórnendum HSN, þar sem stofnanasamningur var ræddur, en hann er enn í bið.

Verkfall skall á í október sem hafði mismikil áhrif á stofnanir en verst þó hjá Landspítalanum. Við hjá deildinni erum mjög stoltar af greininni sem Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir skrifaði um sjúkraliðann í starfi en sú grein var birt í fjölmiðlum og sett inn á heimasíðu SLFÍ.

Þann 28. október klukkan 04:00 voru kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands, Landsambands Lögreglumanna og SFR við Samninganefnd ríkisins fyrir hönd fjármálaráðuneytisins undirritaðir. Samningarnir eru í takt við niðurstöður gerðadóms varðandi hjúkrunarfræðinga og þá samninga sem ríkið hefur gert við aðra ríkisstarfsmenn. Samninganefndir félaganna voru orðnar frekar framlágar, en fóru heim ánægðar með vel unnin störf.

Þann 28.–30. október sótti formaður og varaformaður þing BSRB sem haldið var á Hótel Hilton en það var mjög fræðandi og skemmtilegt.

Á þessu ári voru einungis haldnir 2 stjórnarfundir en við í stjórninni erum duglegar að nota símann og Facebookina. Ekki hefur okkur tekist að gera allt sem við áætluðum á árinu samkvæmt viðburðadagatali en tíminn hefur flogið frá okkur.

Önnur mál voru rædd á aðalfundinum, m.a. um verkfalls- sjóð, kjarasamninginn, mönnun á stofnunum, tilnefningu á fyrirmyndarstjórnanda og fleira.

Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.

Þann 28. september ákváðu sjúkraliðar á Blönduós að bjóða heim.

Við vorum 10 konur sem stigum upp í rútu frá dvalarheim- ilinu á Sauðárkróki. Við vorum að fara út í óvissuna þar sem við vissum ekki neitt hvað gera átti nema að við áttum að vera mættar á bílaplanið við Hrótey. Þegar þangað var komið biðu eftir okkur 7 konur með regnslár því það hellirigndi, þær tjáðu okkur að við myndum byrja á því að ganga aðeins yfir í Hrótey, ekki eins langt og þær höfðu fyrirhugað (vegna rign- ingar) en þangað hafði engin af okkur skagfirsku konunum komið. Við vorum allar á því að þangað ættum við eftir að fara í góðu sumarveðri því þarna er hreinasta paradís.

Við röltum aftur í rútna og ferðanefndin kom með okkur

því það er svo miklu skemmtilegra að vera saman heldur en í mörgum bílum. Ein úr ferðanefndinni hvíslaði að bílstjór- anum hvert skyldi halda. Við keyrðum í gegnum Blönduós og enduðum á sveitabæ sem heitir Hólabak en þar er star- frækt fyrirtæki sem heitir Lagður og framleiðir púðaver með ljósmyndum úr náttúrunni aðalleg þeirri íslensku, einnig eru framleiddar svuntur og sitthvað fleira er í farvatninu sem ekki var gefið upp. Þetta er virkilega flottar og fallegar vörur.

Aftur var stigið upp í rútu og farið til baka á Blönduós og í fyrirtækið VILKO en þar tók á móti okkur framkvæmdastjór- inn. Hann fór með okkur í gegnum fyrirtækið og sagði okkur frá framleiðslu þeirra.

Enn fórum við upp í rútu og enduðum við veitingastað- inn Kiljan þar sem við borðuðum saman léttan kvöldverð og spjölluðum.

Takk Blönduóskonur fyrir frábæran dag.

Útdráttur úr skýrslu Norðurlandsdeildar eystri

Á síðasta aðalfundi deildarinnar voru kosnar í stjórn Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir formaður, Guðrún Ásdís Ásmunds- dóttir gjaldkeri, Marín Jónsdóttir ritari, Eva Karlotta Einars- dóttir meðstjórnandi og Freydís Anna Ingvarsdóttir varafor- maður. Til vara: Kristín Helga Stefánsdóttir og Bryndís Lilja Friðriksdóttir.

Í skýrslu formanns á aðalfundinum, sem haldinn var á Hlíð 19. október síðastliðinn, kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemina á liðnu starfsári stjórnarinnar:

Stjórnin hefur haft nokkra stjórnarfundir á þessu ári og Facebook og email samskipti.

Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember; það var rætt á aðal- fundinum að sjúkraliðar tækju með sér köku í vinnu og brostu framan í vinnufélagana sérstaklega þennan dag.

Þann 20. desember færði deildin 11 nýútskrifuðum sjúkra- liðum rós og plagg frá Sjúkraliðafélaginu.

Fyrirhugað var í janúar að halda nýársteiti en eftir samantekt á kostnaði þá hættum við alveg við þær áætlanir.

Í febrúar var fundað með trúnaðarmönnum á Öldr- unarheimilinu Hlíð, þar sem farið var yfir stöðuna þegar Akureyrarbær fór ekki eftir nýjum kjarasamningi og neitaði að borga sjúkraliðum laun samkvæmt honum. Málið fór fyrir Félagsdóm og Akureyrarbær var dæmdur til að borga sjúkra- liðum laun samkvæmt kjarasamningi.

Haldinn var stjórnarfund í febrúar þar sem boðið var upp á fyrirlestur og annað.

Í mars héldum við svo til Húsavíkur þar sem við stóðum fyrir fyrirlestri með Ásgeiri Böðvarssyni meltingafærasérfræðingi. Mjög vel var mætt af Húsvíkum og mjög góður fyrirlestur.

Formaður fór á félagstjórnarfund til Reykjavíkur í mars þar sem farið var yfir undirbúning fyrir Fulltrúaþingið og kjara- mál rædd.

13. apríl var haldinn trúnaðarmannfundur þar sem við bár- um saman bækur okkar.

Félagsfundur var haldinn 13. apríl. Þar mættu Kristín for- maður og Gunnar Örn framkvæmdastjóri frá Sjúkraliðafé- laginu. Farið var yfir stöðuna í kjaramálum þar sem samningar eru lausir þann 30. apríl og lítið að gerast í kjaraviðræðum.

Einnig fóru Kristín Helga og Freydís Anna með Birnu Ólafsdóttur úr fræðslunefnd SLFÍ í Verkmenntaskólann til að kynna félagið fyrir sjúkraliðanemum og þar var vel tekið á móti þeim.

Fulltrúaþing félagsins var haldið í félagsaðstöðunni við Grensásveg.

14. september fór formaður deildarinnar með Kristínu og Gunnari á Húsavík í von um að gera stofnanasamning við HSN sem er Heilbrigðisstofnun Norðurlands, en ekki náðist að klára þann samning. Einnig var haldinn fundur með sjúkraliðum á

Húsavík þar sem farið var yfir kjaramálin. Seinna um daginn var haldinn fundur með sjúkraliðum á Akureyri um kjaramálin og greinilegt að það var hiti í fólki.

17. september var haldinn stjórnarfund þar sem aðalfundur var undirbúinn og rætt um næsta ár.

29. september fór fram atkvæðagreiðsla um verkfall ríkisstarfsmanna sem var samþykkt.

14. október var trúnaðarmannaráðsfundur fyrir sunnan þar sem verkfallsaðgerðir voru kynntar.

Sama dag var einnig starfsnefndafundur þar sem starfsnefndirnar hittust og skiptu með sér hlutverkum innan nefndanna.

15. október fórum við niður á Austurvöll og hlýddum á ávörp formannanna þriggja, SLFÍ, SFR og LL, en héldum síðan félagsstjórnarfund sem var með öðru sniði en áætlað var þar sem Kristín og Gunnar Örn voru í miðjum klíðum á samninganefndafundum, en þar var stuttlega farið yfir verkfallsaðgerðir.

Á næsta ár verður félagið 50 ára þann 21. nóvember og gaman ef við myndum fjölmenna á þann viðburð. Í maí verður einnig EPN stefna (Evrópusamband sjúkraliða) og þangað væri einnig gaman að fjölmenna.

Ég tek að lokum undir orð Kristínar formanns á Austurvelli: Samtaða er afl sem ekkert fær staðist.

Útdráttur úr skýrslu Austurlandsdeildar

Aðalfundur Austurlandsdeildar sjúkraliða var haldinn á Fáskrúðsfirði miðvikudaginn 21. október og var vel mætt á fundinn. Byrjað var á að skoða Franska spítalann og hlustað á sögur af frönskum sjómönnum við strendur Íslands og áhrif þeirra á bæjarfélagið. Þar var einnig franska safnið skoðað undir leiðsögn Berglindar Óskar Agnarsdóttur og var sú heimsókn einstaklega fræðandi og skemmtileg.

Nýr fundarstjóri var kosinn sem að þessu sinni var Soffía Sigbjörnsdóttir. Stefanía Stefánsdóttir, formaður deildarinnar, setti fundinn og fór í grófum atriðum yfir starf sitt fyrir hönd félagsins á síðasta ári. Þar sagði hún frá Evrópuþegi sjúkraliða sem var 26. nóvember 2014. Boðið var uppá blóðþrýstingsmælingar og bakkelsi á ýmsum stöðum í fjórðungnum og heppnaðist það mjög vel.

Kristín formaður og Gunnar Örn framkvæmdarstjóri komu í janúar og héldu fund með sjúkraliðum fyrst á Neskaupstað og síðar sama dag á Egilsstöðum. Rædd voru ýmis mál sem sjúkraliðum lá á hjarta. Í febrúar fór formaður Austurlandsdeildar, Ásta Hjaltadóttir trúnaðarmaður á Egilsstöðum og Helga Sveinsdóttir trúnaðarmaður á Neskaupstað suður á fund með Kristínu og Gunnari og fulltrúa fjármálaráðuneytis. Á þeim fundi var meðal annars farið yfir stöðu sjúkraliða á HSA, lengd vakta og aðferðafræði við breytingar á störfum ásamt fleirum atriðum.

Í mars átti að vera fjarfundafræðsla á vegum deildar sjúkra-

liða með sérnam sem þó misfórst vegna bilunar í fjarfundar-búnaði.

Tveir sjúkraliðar útskrifuðust frá Verkmenntaskóla Austurlands.

Vorfagnaður sjúkraliða var haldinn í júní og ákvað stjórnin að breyta til og gera sér glaðan dag þar sem byrjað var á því að skoða nýja hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði. Þar fengu gestir frábærar móttökur og kunnum við bestu þakkir fyrir það. Því næst var haldið á Neskaupstað þar sem trúnaðarmennirnir Helga og Soffía tóku á móti hópnum og buðu í skoðunarferð um Fjórðungssjúkrahúsið. Eftir skoðunarferðina var farið í léttu göngu út að víta. Að lokum var farið í súpu, brauð og salat á hótél Hildebrand þar sem spjallað var um kjaramál og fleira. Mæting var góð og fólk ánægt með daginn.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, sjúkraliði kom austur á vegum SLFÍ í október og ræddi verkfall sjúkraliða. Þetta var mikill og góður fundur og í framhaldinu samin ályktun frá sjúkraliðum á Austurlandi sem send var í fjölmiðla.

Formaður sagði frá því að sjúkraliðar á Höfn í Hornafirði hefðu óskað eftir því að flytja sig úr Austurlandsdeildinni yfir í Suðurlandsdeild sjúkraliða. Ástæðan er sú að HSSA hefur verið sam-einuð HSU.

Formaðurinn fór á tvo félagsstjórnarfundum SLFÍ, trúnaðarmannafund og Fulltrúarþing á árinu. Stjórnin hélt fimm stjórnarfundum og einn trúnaðarmannafund.

Útdráttur úr skýrslu Suðurlandsdeildar

Suðurlandsdeildin hélt sinn aðalfund 19. nóvember 2014 á Rauðahúsinu Eyrabakka. Fundarstjóri var kosinn Guðbjörg Stefánsdóttir. Kristín Á. Guðmundsdóttir mætti á fundinn í sinni deild og var tækifærið notað og hún sagði okkur það helsta í fréttum af starfi skrifstofu SLFI.

Stjórnin hélt fjóra fundi að aðalfundi meðtöldum á árinu. Á fultrúapönginu voru auk Helgu og Auðar, Guðbjörg Stefánsdóttir ritari þingsins. Margir fundir hafa verið í tengslum við gerð stofnanasamnings á HSU.

Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum er komið undir HSU og samræma þarf þessa tvo stofnanasamninga. Væntanlega verður þessari vinnu lokið innan skamms. Fræðslunet Suðurlands hélt tvö námskeið á vorönn og tvö á haustönn. Voru þau vel sótt og kemur sér vel að geta náð til stórs hóps sjúkraliða með Facebook síðu deildarinnar og minnt þannig á námskeiðin.

Frá fjölbrautaskólanum útskrifuðust tveir sjúkraliðar í vor og væntanlega tveir eftir haustönnina. Það þurfti að taka nýja nemendur inn á brautina núna í haust vegna mikils brottfals á síðasta ári og voru ekki nema 6 nemendur eftir og brautin þá ekki starfhæf. 14 nýir komu inn og lítur allt vel út með það en þessir 6 þurfa að seinka námslokum sem er slæmt.

Annað árið í röð var þremur deildum boðið með í ferð sem Reykjavíkurdeildin hefur veg og vanda af. Þetta eru Suðurlandsdeildin, Suðurnesjadeildin og Vesturlandsdeildin. Að þessu sinni fóru 100 sjúkraliðar saman þann 10. september upp í Kerlingarfjöll. Farið var í göngur og skoðuð hverasvæðin og flestir gengu niður að skálanum í Ásgarði. Alvöru

skálastemming skapaðist með góðum grillmat og söng. Kjarasamningar voru lausir í vor og gekk lítið að semja. Það endaði með að sjúkraliðar sem vinna hjá ríkinu fóru í verkfall 15. október. Hér á svæði Suðurlandsdeildar erum við með ríkissamning á HSU. Vorum við í samfloti með lögreglunni og SFR. Mikill baráttuandi var með þessum stéttum og útifundir og kröfugöngur haldnar víða um land. Hér á Selfossi fóru stéttirnar í kröfugöngu 23. október. Gengu frá Arnbergi að Bókakaffinu og minntu þannig á sig. Samningar voru síðan undirritaðir 28. október og samþykktir 10. nóvember með miklum meirihluta atkvæða. Þetta var mikil samningalota og Margrét Auður var meira og minna í Karphúsinu meðan á þessu stóð. Gott að hafa okkar konu í kjaramálanefnd sem þekkir þá mjög vel til samninganna. Morguninn eftir að samningar tókust fór formaður, á þing BSRB sem haldið er á þriggja ára fresti. Gott þing þar sem mörkuð er stefna BSRB til næstu þriggja ára. Evrópudagur sjúkraliða nálgast nú sem er 26. nóvember. Fyrir ári síðan var ákveðið að þema dagsins væri jákvæðni og að bjóða skyldi samstarfsfólki okkar upp á kaffi og kökur. Komu þá sjúkraliðar með bakkelsi og var þessu framtaki mjög vel tekið og sýndu myndir á Facebook síðu deildarinnar að borðin svignuðu undan kræsingunum. Við ætlum að hvetja sjúkraliða til að endurtaka leikin núna næsta fimmtudag.

Árið hefur einkennst af óróleika vegna kjarasamninganna og hefur verið gott að leita til skrifstofunnar á Grensásvegnum sem er öllum sjúkraliðum opin.



Undirbúningur að baráttufundi í Háskólabíói



Verið að undirbúa Rögnu Ágústsdóttur fyrir myndatöku



Suðurnesjadeildin á góðri stund.

Útdráttur úr ársskýrslu Suðurnesjadeildar

Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir og á fyrsta stjórnarfundinum þann 20. nóvember 2014 skipti stjórnin með sér verkum. Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundir var að Viktoría Magnúsdóttir og Ingibjörg Anna Bjarnadóttir sátu árlegt fulltrúafundur SLF í maí. Viktoría formaður var við útskrift sjúkraliðanema hjá FS í maí þar sem 6 sjúkraliðar útskrifuðust og veitti hún þeim viðurkenningu og færði þeim blóm. Evrópudagur sjúkraliða er 26. nóvember ár hvert og hittust sjúkraliðar af öllum Suðurnesjum á Kaffi Duus og fengu sér kaffi/súkkulaði og köku sem hver og ein borgaði sjálf.

Hinn árlegi jólafundur var haldinn í sal á Nesvöllum og sáu Hrafnistu skvísur um veitingar og skemmtun.

Haldin var Góugleði 20. mars þar sem óvæntur gestur kom í heimsókn, sem flutti fyrir okkur skemmtilegan pistil. Eldhress kona kom í heimsókn og kenndi okkur smá línudans það var mikið fjör. Sjúkraliðarnir Joseph og Norma vinnufélagar okkar matreiddu handa okkur asískan mat sem gerði mikla lukku.

Reykjanesbær býður öllum nemendum í 9. og 10. bekk grunnskólanna á öllum Suðurnesjum á starfskygningu þar sem öllum vinnandi stéttum á Suðurnesjum er boðið að vera

með og kynna sitt starf og sína þjónustu sem var haldin í íþróttahúsinu við Sunnubraut þriðjudaginn 21. apríl kl. 9.00 og tókum við sjúkraliðar þátt í því að kynna okkur, svo sem menntun, starfsmöguleika og fjölbreytni sjúkraliðastarfsins. Kynntum við blaðið Sjúkraliðann sem félagið gefur út, gáfum bæklinga um sjúkraliðastarfið, piparmintur, plástur og penna merktu félaginu okkar. Vorum með blóðþrýstingsmæli og súrefnismetunarmælir til sýnis fyrir nemendur sem var mikið spurt út í, einnig mældum við þá sem vildu.

Tveir Sjúkraliðar mættu til að kynna starfið, Viktoría Magnúsdóttir formaður og Ása Kristveig Þórðardóttir meðstjórni.

Formaður fór á BSRB þing sem haldið var á Hilton hóteli dagana 28. til 30. október, ásamt 20 öðrum fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

Það var A og D gangur á HSS sem sáu um vorferðina að þessu sinni. Það var ákveðið að bjóða hjúkrunarfræðingum með okkur í vorferðinni þetta árið. Skoðuð var neyðarlínun sem var mjög áhugavert. Síðan var farið í sal í Kópavogi þar sem farið var í allskonar skemmtilega leiki undir stjórn skemmtistjóra, það var mikið hlegið og mikið gaman. Fengum við mat frá Grillbílnum sem var algjört lostæti. Síðan kom

trúbador og það var sungið með og dansað. Reykjavíkurdeild, Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild og Vesturlandsdeild ákváðu að sameinast aftur með haustferð. Farið var í Kerlingarfjöll 10. september. Það voru 12 hressir sjúkraliðar af suðurnesjum sem fóru í þessa ferð en alls voru um 100 sjúkraliðar í ferðinni. Komið var í Kerlingarfjöll um hádegi og fengum við súpu og brauð. Við fengum ágætis veður, sumir sjúkraliðar fóru í langa göngu í fjöllin sem var ógleymanleg, aðrir fóru í styttri göngur eða slökuðu á í skálanum. Síðan var grillveisla með öllu tilheyrandi. Frábær ferð í alla staði. Ákveðið var í Kerlingarfjöllum að fara aftur í sameiginlega haustferð næsta haust. Hugmynd er að fara og skoða Snæfellsnesið. Haldin voru 3 námskeið í samvinnu við Símenntun. Öldrunarlyfjafræði, Tíma gæða – og verkefnastjórnun og Þunglyndi og kvíðaraskanir. Voru þau mjög vel sótt. Einnig sóttu einhverjir sjúkraliðar námskeiði Reykjavík hjá Framvegis. Formaður fór yfir skráningu trúnaðarmanna sem er í góðum málum allstaðar nema í Dagdvölinni og í Selinu en þar neita þær ennþá að hafa trúnaðarmann. Árið 2016 á að skipta um trúnaðarmenn á öllu landinu í einu fyrir 1. október og verður það gert annað hvert ár. Þriggja manna kjörstjórn á að vera á hverju svæði eða stofnun og ákvað stjórnin á stjórnarfundum að aðaltrúnaðarmenn á HSS væru í einni kjörstjórn sem sæi um að endurnýja og/eða kjósa næstu trúnaðarmenn á HSS og

að aðaltrúnaðarmenn hjá Hrafnistu á Hlévangi og Nesvöllum væri í annari kjörstjórn sem sæi um þær stofnanir. Formaður sat 3 Félagsstjórnarfundum í Reykjavík. Einnig trúnaðarmannaráðsfundi ásamt trúnaðarmönnum af Suðurnesjum. Ingibjörg Þorsteinsdóttir er í Styrktar og Minningarsjóðsnefnd SLFÍ. Kristín Á Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdarstjóri félagsins komu og héldu fund með sjúkraliðum á HSS vegna óánægju og mikils álags á sjúkraliða á stofnuninni.

Mikil óánægja er meðal sjúkraliða með stubbavaktir, minkaða vinnuþrósetu og þar með töluverða skerðingu launa auk aukins bensínkostnaðar, þar sem koma mikið oft til vinnu. Ekki er borgað fyrir ferðir þó svo að strætó gangi ekki á þeim tímum sem hægt er að nýta sér á allar vaktir. Ekki er greitt samningsbundið fæðisfé á kvöldin og um nætur þegar mötuneytið er lokað og sjúkraliðar fá ekki heldur greitt fyrir að gefa lyf og eru sjúkraliðar orðnir langþreyttir á þessu ástandi. Einnig komu Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri og héldu fund með sjúkraliðum vegna verkfallsins. Þar sem farið var yfir ýmis mál. Sjúkraliðar í verfalli fengu lánað félagsheimilið hjá Lögreglumönnum á Suðurnesjum og settu þar upp verkfallsmiðstöð. Þar sem sjúkraliðar hittust daglega til að spjalla og styrkja hvor aðra.

Útdráttur úr skýrslu Vestmanneyjadeildar

Evrópuþinginn 26. nóvember buðu sjúkraliðar í Vestmannaeyjum samstarfsfólki og skjólstæðingum sínum til kaffisamsætis á Sambýlinu, Hraunbúðum og á sjúkrahúsinu til að minna á okkur sjúkraliðana og vera sýnilegar. Almenn ánægja var með þetta framtak. Formaður hefur farið nokkrar ferðir vegna funda í Reykjavík þar af eru tveir formannafundir, félagsstjórnarfundur, fulltrúaþing og trúnaðarmannaráðsfundur og vil ég lýsa yfir ánægju minni með okkar trúnaðarmenn sem komu 3 af 4, en einn fékk ekki leyfi frá sínum vinnustað.

Tvær ferðir voru farnar á Selfoss vegna stofnunarsamninga, formaður komst ekki á tvo fundi en skrifað var undir stofnunarsamninga 19. nóvember 2015.

44. þing BSRB var haldið í 28.-30. október vel skipulagt og skemmtilegt þing.

Einn fundur var haldinn með trúnaðarmönnum í Vestmannaeyjum.

Fundur með sjúkraliðum á Hraunbúðum og fundur með sjúkraliðum á sjúkradeild HSU Vestmannaeyjum.

Súpufundur var haldinn á HSU 21. febrúar í fundarsal á HSU Vestmannaeyjum þar sem stjórnin reiddi fram dýrindis súpu mæting á fundinn var góð, og var mikið rætt um væntalega ferð til Brighton. 29. apríl lögðu 30 hressir og kátir sjúkraliðar upp í ferðalag. Fyrsta stopp var að skoða nýja félagsmiðstöð SLFÍ á Grensásvegi þar sem Birna og Kristín tóku vel á móti okkur með skemmtilegu spjalli eins og þeim er einum lagið. Næst lá leiðin á Bráðamóttökuna í Fossvogi þar sem sjúkraliðarnir Aðalsteinn, Eygló og Ingibjörg ásamt deildarstjóra og fleiru starfsfólki tóku vel á móti okkur og fengum við skemmtilega og góða fræðslu um deildina. Að þeirri heimsókn lokinni var brunað til Keflavíkur það sem við áttum skemmtilegt kvöld. 30. apríl var ferðinni heitið til Brighton til að skoða tvö hjúkrunarheimili og hafa góða og skemmtilega stund saman og verlsa örlítið. Fyrri heimilið sem við sóttum

heim var lfield Park Care home sem er einkarekið, gamalt og huggulegt sem er nálægt Gatwick flugvelli. Þar fengum við yndislegar móttökur og fundum við að þar var vel búið að undirbúa komu okkar. Heimilinu var skipt upp í fjögur mismunandi svæði, eitt húsið var fyrir þá sem voru sjálfbjarga, annað var fyrir þá sem þurftu hjúkrunar við og þriðja var lokuð deild fyrir heilabilaða. Einnig var þar dagdeild. Seinna heimilið sem við heimssóttum Dean Woods nursing home í Brighton sem er rekið af ríkinu, nýtt og flott hjúkrunarheimili sem staðsett er inn í Brighton. Aðstaða fyrir skjólstaðinga þeirra var öll til fyrirmyndar herbergi rúmgóð og öll aðstaða vel skipulögð, flott útivistasvæði og huggulegar setustofur.

Í maí sóttu okkur heim 25 sjúkraliðar frá Suðurlandsdeildinni. Snorri Jónsson fór í skó leiðsögumanns og leiddi þær í allan sannleikann um eyjuna okkar.

Í september komu Kristín formaður og Gunnar Örn framkvæmdastjóri og héldu fund hér vegna fyrirhugaðs verkfalls góð þátttaka var á fundinum.

Aðfaranótt 15. okt. hófst verkfall mikið álag var á sjúkra-deild og heilsugæslu og þurfti nær undantekningarlaust undanþágur á flestum vöktum til að hægt væri að sinna þeim einstaklingum sem voru á sjúkradeild.

Sjúkraliðar við HSU í Vestmannaeyjum hittust reglulega og skipulögðu verkfallsvaktir og hvar næsti hittingur væri. Þessir hittingar þjöppuðu okkur vel saman. Okkur fannst við mæta skilningi hjúkrunarfræðinga á okkar aðgerðum. Gunnar Örn kom og kynnti fyrir okkur nýjan kjarasamning 8. nóv. sæmilega var mætt á þann fund.

Einn fund átti formaður með umsjónarkennara á sjúkraliðabraut FÍV.

Skýrsla stjórnar Eftirlaunadeildar SLFÍ okt 2014 - okt 2015.

Deildin telur 575 sjúkraliða eftir nýjustu könnun.

Fundir voru 6, stjórnarfundir og vinnufundir. Við höfum haft stjórnarfundi í heimahúsi það er góð stemming yfir því.

Jólafundurinn var haldinn í desember í nýja sal félagsins, en við vorum þar í fyrsta sinn með fund. Hann var með hefðbundnu sniði, handverksýning, upplestur úr nýrri bók, happadrætti. Séra Vigfús Bragi prestur kom og sagði falleg orð. Árni Ísleifsson spilaði fyrir okkur á píanó. Vel var mætt á fundinn.

Vorferðin var farin 16 júní, vel mætt 73 sæti bókuðust. Farið var á einni rútu um Reykjanesið, fengum frítt kaffi í Víðihlíð í Grindavík, en það er mjög huggulegt öldrunarheimili. Þaðan var ekið í Hveragerði og snæddur kvöldmatur í Kjöt og Kúnst. Sjúkraliðafélagið býður okkur í þessa ferð og greiðir mat og rútu. Deildin vill hér með koma á framfæri þakklæti fyrir það. Fræðslufundir hafa verið haldnir en lítil mæting hefur verið á þá.

Að síðustu vil ég biðja fundarmenn að standa upp og minnst þeirra félaga okkar sem fallnir eru frá.

Blessuð sé minning þeirra.

Gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Þar fór fram formannskjör og stjórnarkjör.

Endurkjörnar voru í stjórn Þorbjörg Einarsdóttir, Björg M Sigurgeirsdóttir, Þórdís Davíðsdóttir og Hrafnhildur Hámundardóttir. **Til vara.** Sigríður Þórarinsdóttir, Hrefna Gunnlaugsdóttir, Ida Stanleysdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir og Alda Særós Þórðardóttir.



Úr stjórn gengu. Sólveig Hervarsdóttir og þökkum við henni fyrir margra ára samstarf með okkur.

Endurskoðendur. Hrefna Gunnlaugsdóttir og Ingunn Björgvinsdóttir

Þingfulltrúar. Þorbjörg Einarsdóttir og Alda Særós Þórðardóttir.

Ferðanefnd stjórnarkonur.

Önnur mál.

Formaður kynnti að deildin hefði tekið þátt í þingi Sambands lífeyrisþega innan BSRB, þann 12. október sl. Deildin á 10 þingfulltrúa sem kosnir eru til þriggja ára, átta þingfulltrúar mættu, en þingfulltrúar eru, Erla Bára Andrésdóttir, Ólafía Ingvarsdóttir, Hrafnhildur Hámundardóttir, Sólveig Hervarsdóttir, Þorbjörg Einarsdóttir, Þórdís Davíðsdóttir, Björg M Sigurgeirsdóttir, Sigríður Þórarinsdóttir, Hrefna Gunnlaugsdóttir og Ida Stanleysdóttir.

Ársskýrsla kjörstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands 2015-2016



Skrifað undir kjarasamning við Reykjavíkurborg

Kjörstjórn skipa:

Ólöf Jóna Friðriksdóttir, formaður.
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir.
Ólafía Ingvarsdóttir.
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir
Sólveig Hildur Halldórsdóttir.

Varamenn :

Hulda Birna Frímansdóttir.
Silja Dögg Sævarsdóttir.
Pórunn Kristín M. Arnardóttir.

Helstu verkefni kjörstjórnar á starfsárinu:

Kjörstjórn hélt fund í haust, þar sem við skiptum með okkur verkum. Höfum síðan verið í tölvupóstsambandi. Nokkur verkefni hafa komið inn á okkar borð þetta starfsár.

29. september 2015 komum við saman til að fara yfir kjörbréf og kærur inn á kjörskrá vegna kosninga um boðun verkfalls sjúkraliða sem starfa hjá hinu opinbera. Gekk sú vinna vel og skrifaði kjörstjórn undir samþykkt um boðun verkfalls. Á kjörskrá voru 1106. Þátttaka var 69,8% eða 772 og sögðu 90,9% já, 5,7% nei og 3,4% voru óákveðin.

10.nóvember 2015 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýjan kjarasamning við fjármálaráðuneytið. Á kjörskrá voru 1111. Þátttaka var 59,9% eða 666

og sögðu 96,25% já, 3,3% nei og 0,45% voru óákveðin.

7.janúar 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýgerðan kjarasamning við Reykjavíkurborg. Á kjörskrá voru 127. Þátttaka var 44,1% eða 56 og sögðu 78,57% já, 12,50% nei og 8,93% voru óákveðin.

21.janúar. 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýgerðan kjarasamning við (SFV) Samtök fyrirtækja í velferðasþjónustu. Á kjörskrá voru 423. Þátttaka var 54,61% eða 231 og sögðu 93,5% já, 5,6% nei og 0,9% voru óákveðin.

14.mars 2016 skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls hjá sjúkraliðum sem starfa hjá sveitarfélögum. Á kjörskrá voru 312 og kusu 180. Já sögðu 97,22%, nei sögðu 1,67% og 1,11% voru óákveðin.

10.apríl 2016. Skrifaði kjörstjórn undir niðurstöðu atkvæðagreiðslu um nýgerðan kjarasamning SLFÍ við samninganefnd íslenskra sveitarfélaga. Á kjörskrá voru 299. Þátttaka var 52,5% eða 157. Já sögðu 94,267%. Nei sögðu 3,822% og 1,911% voru óákveðin.

13. apríl 2016 kom kjörnefnd saman til að fara yfir kjörbréf fyrir fulltrúaping SLFÍ 10.mái 2016. Gekk sú vinna vel.

*Fyrir hönd kjörstjórnar
Ólöf Jóna Friðriksdóttir*

Skýrsla fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands Starfsárið 2015 – 2016

Í fræðslunefndinni sátu:

Birna Ólafsdóttir, formaður
Jakobína Eygló Benediksdóttir, Reykjavíkureild
Hafðís Dögg Sveinbjarnardóttir, ritari, Norðurlandsd. - eystra
Varamaður: Guðrún Lárusdóttir, Reykjavíkureild

Á starfsárinu voru haldnir 4 formlegir fundir, auk samskipta á netinu. Varamaður situr alla fundi nefndarinnar. Fundir voru haldnir í húsnæði Sjúkraliðafélags Íslands, að Grensásvegi 16. Fundarritari sat fundina í gegnum síma.

Helstu verkefni fræðslunefndarinnar á starfsárinu:

- Framhaldsnám sjúkraliða í sérhæfðum störfum
- Símenntun sjúkraliða
- Heimsóknir í skóla
- Íslandsmót í iðn- og verkgreinum
- Vinnustaðanámssjóður
- Fagháskólastig
- Afgreiðsla erinda

Framhaldsnám sjúkraliða í sérhæfðum störfum

Framhaldsnámið er samstarfsverkefni Landspítalans, Fjölbrautaskólans við Ármúla og Sjúkraliðafélagsins. Landspítalinn kallaði eftir sjúkraliðum með sérþekkingu við sérhæfð störf á skurðstofum, sótthreinsun, speglunardeildum, lagerum. Einnig á námið að gæti nýst á flestum deildum sjúkrahússins. Unnið var að kappi við að klára námskrána svo hægt væri að auglýsa það og byrja námið um áramótin 2015 – 2016. Það tókst 13 sjúkraliðar skráðu sig í námið en 10 sjúkraliðar hófu námið eftir áramót. Ákveðin vonbrigði eru með það hversu fáir sjúkraliðar fara í þetta nýja námi, sem er á 4 hæfniprepi. Kennsla fer fram í FÁ og á skurðstofu og sótthreinsunardeild LSH.

Framhaldsnámið í öldrunar- og geðhjúkrun er búið að hæfnimeta svo það á að vera hægt að kenna það víðar í framhaldsskólum, en bara við Fjölbrautskólann við Ármúla.

Símenntun sjúkraliða

Jöfn og góð aðsókn sjúkraliða er á námskeið á vegum Framvegis. Sífelld fleiri sjúkraliðar nýta sér einmenningstölvur og fjarnám til þátttöku í námskeiðum. Mikil og góð fjölbreytni er í námskeiðsflórunni og sjúkraliðar almennt afar ánægðir með

námskeiðin. Eins og fyrri ár hefur Helga Dögg Sverrisdóttir, sjúkraliði og kennari haft veg og vanda að bjóða upp á námskeið fyrir sjúkraliða norðan heiða.

Promennt seldi 49% hlut sinn í Framvegis á árinu og keyptu SLFÍ, SFR og StRv. Þann hluta og er skiptingin í dag, að SLFÍ á 43,13%, SFR á 43,13% og StRv 13,72% hlut.

Heimsóknir í skóla

Farnar voru heimsóknir í skóla á starfsárinu. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi var heimsóttur, ásamt formanni deildarinnar á Vesturlandi. Verkmenntaskólinn á Akureyri var einnig heimsóttur og þar var einnig formaður Norðurlands-eystra og að lokum var Fjölbrautaskólinn við Ármúla sóttur heim, ásamt fulltrúa Reykjavíkureildar SLFÍ.

Mikil og góð aðsókn hefur verið í sjúkraliðanámið á öllum þessum stöðum og í sumum skólum er um tvo bekkir að ræða í byrjunaráföngum sjúkraliðanámsins.

Íslandsmótið í iðn- og verkgreinum

Ýmislegt hefur gengið á varðandi húsnæði til að halda Íslandsmótið. Í fyrstunni átti mótið að fara fram í Laugardalshöllinni í upphafi árs 2016, en ríkið greiddi ekki leiguna og misstu mótshaldararnir húsnæðið. Mótinu var því frestað til loka september. Síðar kom í ljós að húsnæðið var tvíbokað og á þessari stundu er ekki vitað hvort mótið fer fram í nóvember á þessu ári eða hvort því verði frestað til næsta vors.

Fræðslunefndin var búin að senda út bréf til þeirra skóla sem hugsanlega tækju þátt í keppninni. Ekki voru mikil viðbrögð við bréfinu, en eftirfylgni þarf þegar í ljós kemur hvenær keppnin verður haldin. Breyttar reglur eru í keppninni og mega þátttakendur ekki vera eldri enn 25 ára, en mega vera útskrifaðir sjúkraliðar, ekki bara sjúkraliðanemar eins og reglurnar voru.

Vinnustaðanámssjóður

Mikil og góð ásókn fyrirtækja er í Vinnustaðanámssjóð og getur sjóðurinn ekki orðið við öllum óskum þeirra, nema að fá viðbótarframlag í sjóðinn. Einnig var farið í gegnum umsýslugjaldið sem mönnum þótti orðið of hátt. Nýir samningar voru gerðir við umsýsluaðila og gjaldið lækkað umtalsvert. Það er alveg ljóst að ef ríkisvaldið ætlar að standa við þau orð að auðvelda nemum að komast í verkþjálfun þarf aukið fjármagn í sjóðinn.



Gunnar L. Friðriksson kenndi undirstöðuatriði í núvítund á 24. fulltrúapingi 2015

Fagháskólastig

Í lok mars sl. Var skipaður verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að undirbúa fagháskólánám á Íslandi. BSRB var beðin að tilnefna í vinnuhópinn og situr Birna Ólafsdóttir f.h. BSRB í hópnum. Í verkefnalýsingu ráðuneytisins er hópnum ætlað að vinna að því að leiða saman skóla og atvinnulíf með það fyrir augum að til verði fagháskólanámsleiðir sem gefa starfsnámsnemendum möguleika á að útskifast með námslok úr viðbótarnámi við framhaldsskóla, diplómu og BA/BS gráðu úr viðurkenndum háskóla. Hópnum er ætlað að skila niðurstöðum fyrir 1. september nk. Sjúkraliðar hafa lengið beðið eftir því að þessi umræða hæfist þar sem framhaldsnám sjúkraliða hefur verið fært upp á 4 hæfniprep (fagháskólastig).

Afgreiðsla erinda

Í maí sl. fékk félagið ósk um að koma upplýsingum til félagsmanna SLFÍ um breytt inntökuskilyrði í hjúkrunarfræðideild HÍ. Umsækjendur þurfa að hafa lokið sjúkraliðanámi og vera að lágmarki 25 ára. Hafa 5 ára starfsreynslu í að minnst 80% starfshlutfalli og hafa að lágmarki 9 einingar í ensku, 15 einingar í íslensku og 6 einingar í stærðfræði.

Síðast liðið sumar kom út ný kennslubók í Hjúkrun 2. Þessi

nýja kennslubók er afar vönduð og góð aflestrar og löngu tíma-bær. Fleiri námsbækur eru í farvatningu í húkrun.

Lokaorð

Ekki hefur gefist mikill tími til mikillar sköpunar í menntamállum síðasta starfsár. Á samningsári eru miklar annir hjá félaginu og eins var farið í verkfall á nokkrum lykilstofnunum ríkisins. Slíkt er tímafrekt og annasamt þegar um fátt starfsfólk er að ræða. Samt sem áður eru sjúkraliðar afar duglegir að sækja sér viðbótarþekkingu og auknar launatekjur í gegnum námskeiðsstundir og vonandi verður haldið áfram á sömu braut.

Mikið tilhlökkunarefni er, að nú loksins verði farið í að skoða fagháskólastigið sem félagið hefur svo lengi barist fyrir og mikill áhugi er á hjá sjúkraliðum. Vonandi er að það komi eitthvað út úr vinnuhópnum sem er farin af stað að skoða þetta mál. Við verðum að vona að þetta verði ekki bara ein skýrslan í viðbót sem hafnar niður í skúffu.

Nefndarkonum þakka ég fyrir afar gott samstarf á starfsárinu.

Með félagskveðju

Birna Ólafsdóttir

Skýrsla stjórnar Uppstillinganefndar

Uppstillinganefnd, skipuð 5 félagsmönnum og 2 varamönnum, skal kosin á fulltrúapingi til 3 ára. Kjörtímabilið skal fylgja kjörtíma formanns SLFÍ.

Uppstillinganefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúaping kýs. Uppstillinganefnd skal afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á því að hann gefi kost á sér til starfsins.

Nefndina hafa skipað, á liðnu starfsári:

Jóhanna Traustadóttir, (RVKD) formaður,

Hafðís Dögg Sveinbjarnardóttir (DSNE)

Erla Linda Bjarnadóttir (VLD)

Þórhildur Una Stefánsdóttir (RVKD)

Soffía Líndal (DSNE)

Varamenn:

Jóhanna Bjarnís Sævarsdóttir (RVKD)

Jakobína Rut Daníelsdóttir (RVKD)

Starf uppstillinganefndar fer að mestu fram síðustu mánuðina fyrir fulltrúaping. Í ár bar svo við að Jóhanna Traustadóttir, formaður nefndarinnar, sá sig knúna að stíga til hliðar, vegna veikinda, og fól

Jakobínu Rut, varamanni nefndarinnar, að sjá um samskipti við aðra nefndarmenn og halda utan um vinnu nefndarinnar í ár. Áður var Jóhanna búin að deila verkefnum milli nefndarmanna.

Samskipti nefndarmanna fóru að mestu fram í tölvupóstum og síma, sem er hentugt þegar til þess er litið að nefndarmenn koma frá fjórum svæðisdeildum. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu leyti reynst mjög vel.

Auglýst var eftir framboðum til nefndarstarfa í byrjun mars, og í lok framboðsfrests höfðu borist þrjú framboð.

Þá var haft samband við þá nefndarmenn sem eru að ljúka kjörtímabili sínu og kannaður vilji þeirra til áframhaldandi starfa. Mjög ánægjulegt var hversu margir þeirra gáfu kost á sér áfram.

Þrjú framboð dugðu þó ekki til, því nokkuð fleiri gáfu ekki kost á sér áfram, og tók þá við vinna við að fylla í skörðin með því að leita enn frekar að fólki sem hugsanlega væri tilbúið. Og það tókst eins og alltaf áður. Áfram var reynt að ná sérstaklega til ungra sjúkraliða og fá þá í nefndarstörf en það gengur því miður erfiðlega.

Tekinn var saman fjöldi nefndarsæta og nefndarmanna á síðustu uppstillingu og hvernig þau skiptust á milli landshlutadeilda og einnig má sjá fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild.

Hlutföll landshlutadeilda SLFÍ í starfsnefndum fyrir starfsár 2015 – 2016 ásamt fjölda sjúkraliða í hverri landshlutadeild miðað við áramót 2015 - 2016

DEILD	Fjöldi sjúkraliða	Starfsnefndarsæti	Félagsstjórn	Framkvæmdastjórn	= Sæti	Nefndarmenn
Reykjavíkureild (RVKD)	1.178	42	5	5	52	35 (0.029%)
Vesturlandsdeild (VLD)	151	1	1		2	2 (0.013%)
Vestfjarðadeild (VFD)	37	1	1		2	2 (0.054%)
Norðurlandsdeild vestri (NLDV)	48	3	1		4	2 (0.041%)
Norðurlandsdeild eystra (DSNE)	217	6	1		7	4 (0.018%)
Austurlandsdeild (AULD)	91		1		1	1 (0.010%)
Suðurlandsdeild (SLD)	26	3	2	1	6	4 (0.031%)
Vestmanneyjadeild (VED)	39		1		1	1 (0.025%)
Suðurnesjadeild (SND)	114	1	1		2	2 (0.017%)

Tillaga Uppstillinganefndar í framkvæmdastjórn og starfsnefndir Sjúkraliðafélags Íslands liggur fyrir og verður borin upp til samþykktar á þingi SLFÍ. Uppstillinganefndin óskar öllum nefndarmönnum heilla á komandi starfsári og þakkar þeim sem eru að hætta fyrir vel unnin störf. Nokkur breyting verður á komandi

uppstillingarnefnd þar sem þó tveir nefndarmenn hafa ákveðið að hætta og þökkum við þeim fyrir samstarfið í gegnum árin.

Fyrir hönd Uppstillinganefndar

Jakobína Rut Daníelsdóttir, nefndarmaður



Aðild félagsins að bandalögum



Frá málþingi Velferðarnefndar BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru langstærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Auk þess eiga rétt til aðildar sambönd og félög starfsmanna fyrirtækja og stofnana sem starfa í almannapágu og einstaklingar í opinberri þjónustu sem ekki eiga rétt til aðildar að neinu bandalagsfélagi. Aðildarfélög BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 20.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur. BSRB var stofnað 14. febrúar 1942. Á skrifstofu BSRB starfa 10 starfsmenn sem annast ýmis störf fyrir samtökin og aðildarfélög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræðiþjónusta og lögfræðiþjónusta við félögin. Þá gefur bandalagið út BSRB-tíðindi og miðlar upplýsingum í formi upplýsingablaða til félaganna. Auk þess sér skrifstofan um alhliða upplýsingaþjónustu við félagsmenn í aðildarfélögum BSRB, svo sem upplýsingar um réttindi og kjör, samninga og ýmislegt fleira.

Erlent samstarf

EPN - The European Council of Practical Nurses
Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að EPN frá upphafi stofnunar sambandsins.

Markmið með sambandinu er að tengja saman sjúkraliða í evrópu, deila viðburðum og nýjungum heilbrigðisþjónustunni. EPN heldur fagráðstefnur annaðhvert ár. Næsta ráðstefna EPN

verður haldin á Íslandi mánaðarmótin maí júní 2016 og mun hún fjalla um sjálfböðavinnu innan heilbrigðiskerfisins.

Fræðslumiðstöðin Framvegis

Framvegis er í eigu Sjúkraliðafélag Íslands, SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Hjá Framvegis - miðstöð símenntunar hafa sjúkraliðar sótt námskeið frá upphafi starfsemi miðstöðvarinnar

Framvegis er framsækin símenntunarmiðstöð með það að markmiði að bjóða metnaðarfullt nám og námskeið fyrir fullorðna sem svara þörfum atvinnulífsins. Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Lögð er áhersla á virka þátttöku námsmanna og fjölbreyttar kennsluáferðir.

Framvegis miðstöð símenntunnar hefur hlotið EQM gæðavottun (European Quality Mark) en með því hefur verið staðfest að Framvegis standist evrópskar kröfur um gæði fræðsluáðila.

Framvegis er aðili að Kvasir samtökum fræðslu- og símenntunarstöðvar og Leikn samtökum fullorðinsfræðslu.

Framvegis – miðstöð símenntunar er fyrsti viðurkenndi námskeiðshaldarinn sem hlýtur starfsleyfi frá Samgöngustofu vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra en leyfið hlaut síðast liðinn miðvikudag. Í því felst að skipulag, innihald og fagstjórn námskeiða hjá Framvegis taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru til námskeiðshaldara, bæði í námskrá Samgöngustofu og opinberum reglugerðum er varða endurmenntun bílstjóra.

ÁLYKTANIR FRÁ 24. ÞINGI SLFÍ

Kjaramál

24. Fulltrúaðing Sjúkraliðafélag Íslands hefur þungar áhyggjur af því ástandi sem er á íslenskum vinnumarkaði og lýsir yfir fyllsta stuðningi við baráttu allra þeirra stétta sem nú berjast fyrir bættum kjörum. Minnt er á þá samninga sem þegar hafa verið gerðir og einnig þær gríðarlegu arðgreiðslur sem ákveðin fyrirtæki hafa dælt út til hluthafa. Félagið fordæmir ábyrgðar- og áhugaleysi stjórnvalda gagnvart því alvarlega ástandi sem er á vinnumarkaði og á einungis eftir að versna ef svo fer fram sem horfir. Sjúkraliðar krefjast þess að þær launahækkningar sem ríkið samdi um við lækna og framhaldsskólakennara verði lagðar til grundvallar við ákvörðun um laun þeirra stétta sem eru með lausa samninga. Sjúkraliðar skora á þær stéttir sem nú standa í broddi fylkingar að láta ekki deigan síga þrátt fyrir ráðaleysi stjórnvalda, stjórnvalda sem á sama tíma afsala þjóðinni tekjum af stórútgæðum og stóriðju. Minnt er á staðfest fyrirheit félagsmálaráðherra um átak til að leiðrétta kynbundinn launamun, og að 70% opinberra starfsmanna eru konur.

Skortur á sjúkraliðum

24. fulltrúaðing SLFÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af háum lífaldri sjúkraliða og vaxandi skorti á þeim. Mikið álag er á sjúkraliðum á sjúkrahúsum, í heimahjúkrun og inni á hjúkrunarheimilum, vegna alvarlegrar undirmönnunar. Umfjöllun í fjölmiðlum sýnir að mikið vantar á að hjúkrun aldraðra sé í þeim farvegi að gæði hjúkrunar hafi verið höfð að leiðarljósi. Upplýsingar frá Velferðarráði sýna að um 70% þeirra sem sinna þjónustu við aldraða á Íslandi eru ófaglærðir og er það í algjörrí mótsögn við ný lög um heilbrigðisstarfsmenn og mönnunarviðmið Embættis landlæknis. Þingið hvetur stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar að leita allra leiða til að fjölga í sjúkraliðastéttinni, m.a. með jákvæðu viðhorfi til stéttarinnar og að hvetja ófaglærða starfsmenn til að nýta sér þær námsleiðir sem í boði eru. Hlúð verði að því heilbrigðisstarfsfólki, sem enn þolir við og á því verði endurbyggt kröftugt, faglegt heilbrigðiskerfi sem þjóðin getur verið stolt af til framtíðar.

Starfsumhverfið

24. fulltrúaðing SLFÍ fordæmir áframhaldandi niðurskurð stjórnvalda á heilbrigðiskerfi þjóðarinnar, sem fyrir löngu er komið að fótum fram. Leynt og ljóst er verið að ýta þjóð sem sameinast hefur um samtryggingu allra óháð efnahag, út í einkavæðingu þar sem hinir efnameiri hafa forgang, en aðrir þurfa að biða eftir



Frá 24. fulltrúaðingi 2015

þjónustu svo mánuðum og árum skiptir. Þessi endalaus niðurskurður hefur m.a. skaðað starfsumhverfi sjúkraliðastéttarinnar. Í vaxandi mæli er því þannig fyrir komið að sjúkraliðar fá ekki fulla vinnu og er stýrt inn á „akkorðsvaktir“ þar sem álagið er mjög mikið, en álagsgreiðslur lágar eða engar. Með þessu verður álag á stéttina enn meira, árslaunin skerðast gríðarlega og flótti úr stéttinni eykst til muna. Fulltrúaðingið minnir á að samkomulagið um mismunandi lengd vakta var ætlað til að vaktavinnufólk gæti aðlagð vinnu að fjölskyldulífi. Greininni um mismunandi lengd vakta hefur verið misbeitt og við það hafa lífsgæði vaktavinnufólks skerast verulega. Þess er krafist að vinnuveitendur virði starfsfólk í vaktavinnu til jafns við aðra og viðmiðunar lengd vakta verði átta tímar og vinnuskylda stytta.

Afleiðing fækkunar sjúkraliða

24. fulltrúaðing SLFÍ hefur þungar áhyggjur af fækkun sjúkraliða í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Félagið hefur um langt árabíl varað við viðvarandi skorti á sjúkraliðum í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Umfjöllunin sem verið hefur undanfarnar vikur sýnir að mönnun er langt undir öryggismörkum. Fram kemur að hjúkrunarsjúklingar fái ekki þá faglegu þjónustu sem þeir eiga rétt á, sem veldur verra heilsufari og þar með lélegri lífsgæðum en ella væri. Þingið leggur áherslu á mikilvægi fullnægjandi mönnunar sjúkraliða fyrir öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar og bendir á að innlendar og erlendar rannsóknir sýna fram á tengsl milli fjölda sjúkraliða og líðan sjúklinga. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á aukna hagkvæmni í rekstri þar sem mannað er með vel menntuðu og reyndu fagfólki, þannig fækkar mistökum, óvæntum atvikum og legutími styttest. Notendur heilbrigðisþjónustu þessa lands eiga rétt á þjónustu menntaðra heilbrigðisstarfsmanna, þannig að tryggð sé besta mögulega umönnun/hjúkrun sem völ er á.

